

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1144
komudagur 3.3.2006



LÍFFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS

Askja - náttúrufræðahús
Sturlugötu 7, 101 Reykjavík
Sími: 525 4600
Bréfasími: 525 4069

Nefndasvið Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. febrúar 2006

Líffræðistofnun Háskóla Íslands barst beiðni um umsögn um frumvarp til laga um Matvælarannsóknir hf., 387. mál.. Hér vísast til bréfs frá alsherjarnefnd Alþingis frá 6. febrúar 2006.

Meðfylgjandi er umsögn Dr. Evu Benediktsdóttur og Dr. Sigurðar S. Snorrasonar sem tóku að sér að yfirfara frumvarpið fyrir hönd stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Sigurður S. Snorrason
forstöðumaður



HAASKOLAN ISLANDS

LÍFFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLANS

Askja - náttúrufræðahús
Sturlugötu 7, 101 Reykjavík
Sími: 525 4600
Bréfasími: 525 4069

Nefndasvið Alþingis
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 28. febrúar 2006

Efni: *Umsögn Líffræðistofnunar Háskólans um frumvarp til laga um Matvælarannsóknir hf., 387. mál 132. löggjafarþings.*

Visað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dagsett 6. febrúar 2006, til Líffræðistofnunar Háskóla Íslands.

Í frumvarpinu segir að ríkisstjórninni sé heimilt að stofna hlutafélag, Matvælarannsóknir hf., um rekstur þriggja stofnana eða hluta stofnana sem nú eru í eigu ríkisins. Í 2. grein segir að tilgangur félagsins sé að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis og fjármálalegri umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem um þetta gilda, svo og að reka aðra skylda starfsemi.

Við viljum lýsa ánægju okkar með þau megináform sem fram koma í frumvarpinu. Tekið er undir það sjónarmið, sem fram kemur í greinargerð, að öflugar matvælarannsóknir eru mikilvægar fyrir Ísland sem framleiðsluland, og lögð er áhersla á mikla sérstöðu Íslands varðandi matvælaöryggi þar sem einangrun landsins gerir það að verkum að nauðsynlegt er að þjónusta og sérfræðipækking sé til staðar á landinu.


Nútíma matvælarannsóknir þurfa aðgang að breiðri sérfræðipækkingu og aðstöðu með góðum, en yfirleitt dýrum, tækjabúnaði. Þá er ljóst að samstarf við háskóla, þar sem fram fara grunnrannsóknir og kennsla á sviði matvæla og næringarfræði, getur skipt verulegu máli fyrir hina nýju stofnun. Sameining matvælarannsókna á einn stað skapar ný tækifæri til rannsókna, nýsköpunar og þróunar og myndi laða að sér samstarf við háskólastofnanir í meira mæli en nú er. Miklu máli skiptir að vandað sé til við innviði hlutafélagsins þannig að tækifærin verði nýtt; skiptir þar miklu samráð við gagnfólk á fræðasviðinu.

Öflugar rannsóknir byggja á öflugu fólki. Líffræðistofnun Háskólans er rannsóknarvettvangur kennara og nemenda við líffræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands og hefur nýlega flust í nýtt hús í Vatnsmýrinni og er nú búin glæsilegum tækjabúnaði í líftæknigreinum. Menntun við líffræðiskor veitir góða undirstöðu fyrir störf

við rannsóknir á matvælum og matvælaöryggi, en innan líffræðiskorar er m.a. lögð mikil áhersla á líftækni og sameindalíffræði og meðal námsgreina eru bakteríufræði, veirufræði og sníkjudýrafræði. Á síðustu sex árum hefur líffræðiskor útskrifað samtals 236 stúdenta með B.S. gráðu og 57 stúdenta með meistara eða doktorspróf. Núna eru 210 nemar í BS námi í líffræði og 59 nemar í framhaldsnámi við líffræðiskor, en fjölmargir líffræðingar eru auk þess í framhaldsnámi við aðrar skólar og deildir við H.Í. sem og erlendis. Má því segja að líffræðiskor hafi algera sérstöðu hér á landi m.t.t. fjölda nemenda sem stefna á rannsóknir í hinum ýmsu greinum lífvísinda. Nálægð við sameinaða, öfluga stofnun í matvælarannsóknum myndi gera matvælarannsóknir sýnilegar fyrir nemendur í líffræði og örva þá til þess að sérhæfa sig á því sviði.

Líffræðistofnun Háskólans styður því að frumvarpið verði að lögum og í framhaldinu verði til hlutafélag þar sem haft verði að leiðarljósi að á Íslandi verði til öflugur þekkingarklassi í matvæla- og næringarfræði.

Virðingarfyllst,



Eva Benediktsdóttir



Sigurður S. Snorrason